

Fundargerð 37. fundar

Ungmennaráð 2. maí 2016

Mánudaginn 2. maí 2016 kl. 20:00 kom ungmennaráð til fundar í Félagsmiðstöðinni Svítunni.

Fundinn sátu: Ragnar Óskarsson, Sandra Dögg Þrastardóttir, Berglind Dan Róbertsdóttir, Sandra Dís Jóhannesdóttir og Adam Freyr Gunnarsson.

Sandra Dögg þurfti að fara af fundi kl. 20:35.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður ráðsins.

Fundargerð ritaði: Valur Rafn Halldórsson

1. Unglingalandsmótsnefnd

Lagt fram erindi frá Gunnsteini Ómarssyni þar sem óskað er eftir því að ungmennaráð tilnefni einn fulltrúa í ungingalandsmótsnefnd sem mun sjá um undirbúning ungingalandsmóts sem haldið verður í Þorlákshöfn 2018.

Samþykkt samhljóða að tilnefna Berglindi Dan Róbertsdóttur í nefndina.

2. Hafnardagar 2016

Lögð fram drög að dagskrá fyrir Hafnardaga 2016.

Starfsmanni falið að koma athugasemdum ungmennaráðs á framfæri. Jafnframt er honum falið að óska eftir fundi með menningarfulltrúa til að ræða dagskrána.

3. Bubbleboltar

Starfsmaður gerði grein fyrir kostnaði við bubbleboltana sem eru komnir til landsins en á seinasta fundi samþykkti ungmennaráð að fjárfesta í 10 bubbleboltum. Hver bolti kostaði um 29.000 kr.

Ákveðið að halda bubbleboltamót á uppstigningardag kl. 14:00-16:00 í íþróttahúsinu. Starfsmanni falið að panta húsið.

4. Sumarið 2016

Rætt um viðburði sem ungmennaráð ætlar að standa fyrir í sumar.

5. Tilnefning áheyrnarfulltrúa í menningar- og markaðsnefnd

Lögð fram bókun bæjarstjórnar frá 231. fundi bæjarstjórnar, dags. 28. apríl 2016, þar sem samþykkt var að ungmennaráð fái áheyrnarfulltrúa í menningar- og markaðsnefnd.

Ungmennaráð lýsir yfir ánægju sinni með að bæjarstjórn hafi tekið jákvætt í erindi ungmennaráðs um að fá áheyrnarfulltrúa í menningar- og markaðsnefnd.

Samþykkt samhljóða að tilnefna Berglindi Dan Róbertsdóttur í menningar- og markaðsnefnd.

Starfsmanni falið að óska eftir rökstuðningi fyrir því hvers vegna beiðni ungmennaráðs um áheyrnarfulltrúa í fræðslunefnd var ekki samþykkt.

6. Samstarf ungmennaráða á Suðurlandi og SASS – ungmennaráðsráðstefna

Lögð fram drög að dagskrá ráðstefnunnar sem Ungmennaráð Árborgar hefur unnið en stefnt er að vinnufundi ungmennaráðanna í byrjun sumars.

Til kynningar.

7. Barnasáttmálinn og barnvæn sveitarfélög

Lögð fram bókun bæjarstjórnar frá 231. fundi bæjarstjórnar, dags. 28. apríl 2016, þar sem bæjarstjórn tók jákvætt í erindi ungmennaráðs um að sveitarfélagið taki þátt í verkefninu Barnvæn sveitarfélög.

Ungmennaráð lýsir yfir ánægju sinni með hve jákvætt var tekið í erindið og er ráðið tilbúið í að aðstoða íþrótt- og æskulýðsnefnd, sem var falið verkefnið, ef á þarf að halda.

8. Eyjahraunróló

Rætt um aðstöðu á Eyjahraunróló og skort á lýsingu.

Ungmennaráð leggur til að skoðað verði hvort hægt sé að bæta lýsingu á Eyjahraunróló.

9. Aðstaða á körfuboltavöllum í Þorlákshöfn

Rætt um aðstöðu á tartanvöllinum við grunnskólann og aðstöðuna á körfuboltavöllinum við Félagsmiðstöðina Svítuna.

Ungmennaráð leggur til að lýsing verði bætt á tartanvöllinum og á körfuboltavöllinum við Félagsmiðstöðin Svítuna. Þetta eru mikið notaðir vellir og í góðu veðri á vorin er ekki hægt að nota þá á kvöldin vegna þess að lýsingin er ekki nægilega góð. Á það sérstaklega við völlinn við félagsmiðstöðina en þar er engin lýsing.

Mikilvægt er að sveitarfélagið reyni eftir fremsta megni að bæta aðstöðu sem þessa til að ýta undir hreyfingu ungs fólks í sveitarfélaginu.

Fundi slitið: 21:05